

Fundargerð háskólaráðs

293. fundur daginn 1. júlí 2010
fundaherbergi 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.45.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

"[nöfn og starfsheiti]"

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

0912033

Fundargerð 292. fundar var borin upp og samþykkt.

2. Staða innritunar nemenda á haustmisseri 2010

"[málsnúmer]"

Rektor gerði grein fyrir samþykkt gæðaráðs frá 28. maí sl. um verklag vegna nemenda með undanþágu frá stúdentsprófi. Háskólaráð staðfesti samþykktina. Hún kveður á um hvaða nám telst vera sambærilegt stúdentsprófi. Í henni felst einnig að skrifstofustjórar flokka undanþáguumsóknir í forgangsröð eftir fjölda eininga. Fræðasviðsfundur tekur ákvörðun um inntöku nemenda á undanþágu. Þeir mega vera allt að 10% af heildarfjölda þeirra sem fá skólavist á hverju fræðasviði. Ef fræðasvið nýtir ekki undanþáguheimildir að fullu geta þær flust milli sviða.

Við heilbrigðisvísindasvið gilda fjöldatakmarkanir og fá allir nemendur sem uppfylla skilyrði um undanþágur að spreyta sig. Niðurstaða úr samkeppnisprófum ræður þar hvaða nemendur halda áfram á öðru misseri.


Umsóknir nemenda á undanþágu eru sendar frá fræðsviðum til forstöðumanns kennslusviðs til yfirferðar. Skrifstofustjórar sjá síðan um að svara nemendum rafrænt að ferlinu loknu.

Rektor gerði grein fyrir fjölda umsókna um skólavist á haustmisseri 2010 með samanburði við sambærilegar tölur frá 2009.

3. Samningur við RÚV um leigu á D-húsi á Sólborg

"[málsnúmer]"

Rektor kynnti drög að 5 ára samningi milli HA og RÚV um leigu á D-húsi. Háskólaráð lýsti ánægju með að samningur skuli hafa náðst.



4. **Brautskráning 12. júní 2010**

1005022

Rektor sagði frá vel heppnaðri brautskráningarathöfn. Nefndi hann að við brautskráningu 2012, á 25 ára afmæli háskólans, væri viðeigandi að bregða út frá venju. Fram komu nokkrar hugmyndir um viðburði í tengslum við afmælishald og var einkum rætt um aðkomu Góðvina og brautskráðra nemenda frá HA.

5. **Stefna stjórnvalda um opinbera háskóla, drög 29. júní 2010**

1006080

Rektor gerði grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrirbyggjandi stefnumörkun menntamálaráðherra fyrir opinberu háskólana. Stefnumörkunin nær til 2012 og þá á að vera starfandi net opinberra háskóla. Þeir eru: HÍ, HA, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Háskólinn á Hólum. Verkefnisstjórn er falið að vinna að málinu júní 2010-maí 2011. Hana skipa þrír fulltrúar frá HÍ, tveir frá HA, þar af verður rektor annar, og einn frá hvorum hinna tveggja háskólanna. Aðgerðaáætlun menntamálaráðherra felur m.a. í sér samræmingu á gæðakerfi, upplýsingakerfi, vinnumatskerfi og skipulagi stoðþjónustu og tekur einnig til kennslu og rannsókna.

Háskólaráð lýsti ánægju með að komin skuli vera fram opinber stefnumörkun í málefnum ríkisháskóla. Fram kom sú skoðun að afrakstur skipulagsvinnunnar sem framundan er ætti að vera skýr og innihaldsrík framtíðarsýn fyrir háskólana. Fram kom tillaga um stefnumótunarþing um framtíð HA á haustmisseri, opið starfsfólki og nemendum.

6. **Rekstur-námsframboð**

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá að niðurskurður á opinberu fé til ríkisháskóla verður 8% á næsta ári sem nemur um 105 mkr. hjá HA. Að auki þarf að spara um 30 mkr. á komandi haustmisseri. Fyrir lágu hugmyndir um sparnað í 11 liðum og voru þær ræddar ítarlega. Með þeim eiga að sparast um 60 mkr. Fyrirhugað er að vinna að þróun náms í samræmi við stefnu stjórnvalda um málefni opinberu háskólanna. Rektor var falið að kanna ákveðin atriði í tillögunum og ræða við forseta fræðasviða um þau.

Fundi var frestað kl. 16.45 og verður honum fram haldið miðvikudaginn 7. júlí.

AB

SR

Ⓟ

Háskólaráð 283. fundur - framhald, fundargerð.

Miðvikudaginn 7. júlí árið 2010, kl. 12,30 kom háskólaráð Háskólans á Akureyri saman til framhalds 283. fundar sem frestað var fimmtudaginn 1. júlí s.l.

Mættir voru auk rektors Aðalheiður Ámundadóttir, Jóna Jónsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Svanfríður Jónasdóttir sem sat fyrrihluta fundarins var ekki mætt til framhaldsfundarins.

Auk þess voru viðstaddir Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson sem ritaði fundargerð framhaldsfundarins í fjarveru Guðrúnar Kristinsdóttur, ritara rektors.

Þetta gerðist:

6. Rekstur – námsframboð

Fram var haldið umræðum um þennan lið. Rektor gerði grein fyrir vinnu sem fram fór í „fundarhléinu“ og lagði fram endurskoðaða tillögu um viðbrögð við lækkun á framlagi ríkissjóðs til HA á árinu 2011 og um nauðsynlegan sparnað á haustmisseri 2010.

Rektor fór yfir hina endurskoðuðu tillögu sem nú var í 15 liðum (meðf.) og gerði þar á eftir grein fyrir áætluðum sparnaði sem aðgerðirnar gætu skilað (meðf.).

Miklar umræður urðu um tillögurnar og framkvæmd þeirra. Fulltrúar í háskólaráði voru á einu máli um leggja þyrfti áherslu á það sjónarmið að aðgerðirnar styrktu meginstarfsemi háskólans þó svo að draga þurfi úr námsframboði í ákveðnum námsleiðum. Kappkosta beri að upplýsa nemendur og starfsfólk eins fljótt og vel og kostur er um eðli og afleiðingar aðgerðanna. Jafnframt var bent á að ef til uppsagna þarf að koma þá er það í allra þágu að slíkt liggi fyrir sem allra fyrst. Rætt var um nauðsyn þess að sækja frekari fjármuni í erlenda og innlenda sjóði og um aukið samstarf við nærsamfélagið, þ.m.t. Akureyrarbæ. Í því sambandi kom fram ábending (frá Aðalheiði) um að háskólar þurfi að gæta varúðar við tekjuöflun svo heilindi þeirra sem vísindastofnana skaðist ekki. Vísaði hún í því sambandi til skýrslu Rannsóknanefndar Alþingis.

Háskólaráð var sammála um að fela rektor að koma á framfæri við sviðsforseta HA vilja ráðsins varðandi framkvæmd tillögunnar, sem kristallaðist í umræðunum. Jafnframt óskaði ráðið eftir því að háskólaráð fengi skriflega greinargerð um aðgerðirnar frá sviðsforsetunum þegar fyrir liggur hvenær og hvernig þær koma til framkvæmda.

Að umræðum loknum samþykkti háskólaráð einróma tillöguna (í 15 liðum) „um hvernig bregðast skuli við 8% lækkun á ríkisframlagi til Háskólans á Akureyri 2011 til viðbótar 6,6 % lækkun fyrir 2010“. (Meðfylgjandi.)

7. Önnur mál.

Rektor gerði grein fyrir fyrirspurn frá fjölmiðli vegna áformaðrar fréttar um að HA hefði af fjárhagsástæðum neitað fötluðum manni um skólavist. Rektor gerði grein fyrir tilurð málsins sem byggðist á misskilningi, viðkomandi einstaklingi hafði aldrei verið neitað um skólavist í HA.

Fram kom fyrirspurn um skipunartíma háskólaráðs. Rektor sagði að nýtt háskólaráð verði væntanlega skipað eftir breyttum lögum frá og með næstu áramótum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jóna Jónsdóttir

Þóroddur Bjarnason

Ólafur Halldórsson

Úlfar Hauksson